

STARF vinnumiðlun og Vinnumálastofnun

Mat á tilraunaverkefni um þjónustu
við atvinnuleitendur



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Velferðarráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf atvinnuleitenda til þjónustu sem þeir hafa fengið hjá STARFi og Vinnumálastofnun, sem og afdrif þeirra
Dagsetning skýrsluskila	30. október 2015

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Ágústa Edda Björnsdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Guðný Bergþóra Tryggvadóttir
Úrvinnsla	Andrea G. Dofradóttir Björn Rafn Gunnarsson
Skýrslugerð	Andrea G. Dofradóttir

EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir niðurstöður	6
Inngangur	13
Aðferð.....	14
Tafla 1. Framkvæmd könnunar og svarhlutfall	14
Tafla 2. Svarhlutfall eftir þjónustustofnun og búsetusvæði.....	15
Úrvinnsla.....	15
Tafla 3. Hlutfall svarenda af þýði eftir þjónustustofnun og svæðum.....	16
Bakgrunnsupplýsingar	17
Tafla 4. Kyn svarenda.....	17
Tafla 5. Aldur svarenda	17
Tafla 6. Tungumál sem svarendur völdu að svara könnuninni á.....	18
Tafla 7. Búsetusvæði svarenda	18
Tafla 8. Menntun svarenda	19
Tafla 9. Hjúskaparstaða svarenda	19
Tafla 10. Fjöldi barna 17 ára og yngri búsett að staðaldri á heimili svarenda	20
Niðurstöður	21
Notkun á þjónustu STARFs og Vinnumálastofnunar	21
Mynd 1. Skráning þjónustustofnunar samanborið við svör þátttakenda um þjónustu.....	21
Tafla 11. Skráning þjónustustofnunar samanborið við svör þátttakenda um þjónustu.....	22
Mynd 2. Færð þú þjónustu nú frá STARFi/Vinnumálastofnun eða fékkst þú áður þjónustu frá þeim?	24
Tafla 12. Færð þú þjónustu nú frá STARFi/Vinnumálastofnun eða fékkst þú áður þjónustu frá þeim?	25
Mynd 3. Hver er ástæða þess að þú hættir að fá þjónustu?	27
Tafla 13. Hver er ástæða þess að þú hættir að fá þjónustu?	28
Tafla 14. Hver er ástæða þess að þú hættir að fá þjónustu? Greining á opna svarmöguleikanum „Önnur ástæða“	30
Staða á vinnumarkaði – fyrr og nú	32
Mynd 4. Hvert af eftirfarandi átti við um þig áður en þú varst skráð(ur) atvinnulaus?.....	32
Tafla 15. Hvert af eftirfarandi átti við um þig áður en þú varst skráð(ur) atvinnulaus?.....	33
Mynd 5. Hvert af eftirfarandi átti við um þig áður en þú varst skráð(ur) atvinnulaus?.....	35
Tafla 16. Hvert var starf þitt áður en þú varst skráð(ur) atvinnulaus?	37
Mynd 6. Hversu lengi hefur þú verið eða varst þú atvinnulaus?	39

Tafla 17.	Hversu lengi hefur þú verið eða varst þú atvinnulaus?	40
Mynd 7.	Hvert af eftirfarandi á við um þig núna?	42
Tafla 18.	Hvert af eftirfarandi á við um þig núna?	44
Mynd 8.	Hvernig er framfærsla þinni háttað í dag?	46
Tafla 19.	Hvernig er framfærsla þinni háttað í dag?	48
Þjónusta og úrræði sem eru/voru nýtt og afstaða til þeirra		50
Mynd 9.	Hvers konar þjónustu eða úrræði nýtir þú þér eða nýttir þér áður hjá STARFi/Vinnumálastofnun?	50
Tafla 20.	Hvers konar þjónustu eða úrræði nýtir þú þér eða nýttir þér áður hjá STARFi/Vinnumálastofnun?	52
Mynd 10.	Hlutfall þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar sem var frekar eða mjög ánægður með úrræði sem er/var nýtt.....	54
Mynd 11.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Styttri námskeið	55
Tafla 21.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Styttri námskeið	56
Tafla 22.	Að hvaða leyti ert þú óánægð(ur) með styttri námskeið hjá STARFi?	58
Tafla 23.	Að hvaða leyti ert þú óánægð(ur) með styttri námskeið hjá Vinnumálastofnun?	59
Mynd 12.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Lengri námskeið/nám	60
Tafla 24.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Lengri námskeið/nám	61
Tafla 25.	Að hvaða leyti ert þú óánægð(ur) með lengri námskeið hjá STARFi/Vinnumálastofnun?	63
Mynd 13.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Nám á námssamningi	64
Tafla 26.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Nám á námssamningi	65
Tafla 27.	Að hvaða leyti ert þú óánægð(ur) með nám á námssamningi hjá STARFi/Vinnumálastofnun?	66
Mynd 14.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Starfsþjálfun.....	67
Tafla 28.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Starfsþjálfun.....	68
Tafla 29.	Að hvaða leyti ert þú óánægð(ur) með starfsþjálfun hjá STARFi/Vinnumálastofnun?	70
Mynd 15.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Fundi/fyrirlestra.....	70
Tafla 30.	Ánægja/óánægja með úrræði sem er/var nýtt – Fundi/fyrirlestra.....	71
Tafla 31.	Að hvaða leyti ert þú óánægð(ur) með fundi/fyrirlestra hjá STARFi?.....	73
Tafla 32.	Að hvaða leyti ert þú óánægð(ur) með fundi/fyrirlestra hjá Vinnumálastofnun?	74
Mynd 16.	Finnst þér framboð úrræða hjá STARFi/Vinnumálastofnun vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?	75
Tafla 33.	Finnst þér framboð úrræða hjá STARFi/Vinnumálastofnun vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?	76
Mynd 17.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú á heildina litið með þjónustuna hjá STARFi/Vinnumálastofnun?	78

Tafla 34.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú á heildina litið með þjónustuna hjá STARFi/Vinnumálastofnun?	79
Afstaða til mismunandi þjónustupáttanna.....		81
Mynd 18.	Hlutfall þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar sem var frekar eða mjög ánægður með mismunandi þætti þjónustunnar	82
Mynd 19.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Staðsetningu þjónustunnar	83
Tafla 35.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Staðsetningu þjónustunnar	84
Mynd 20.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Biðtíma eftir að ná sambandi við ráðgjafa	86
Tafla 36.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Biðtíma eftir að ná sambandi við ráðgjafa	87
Mynd 21.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Vefsíðu Vinnumálastofnunar	89
Tafla 37.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Vefsíðu Vinnumálastofnunar	90
Mynd 22.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Mínar síður á vef Vinnumálastofnunar.....	92
Tafla 38.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Mínar síður á vef Vinnumálastofnunar.....	93
Mynd 23.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Vefsíðu STARFs	95
Tafla 39.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Vefsíðu STARFs	96
Mynd 24.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Viðmót afgreiðslufólks.....	97
Tafla 40.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Viðmót afgreiðslufólks.....	98
Mynd 25.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Viðmót ráðgjafa.....	100
Tafla 41.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Viðmót ráðgjafa.....	101
Mynd 26.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Upplýsingagjöf í afgreiðslu	103
Tafla 42.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Upplýsingagjöf í afgreiðslu	104
Mynd 27.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Þekkingu ráðgjafa	106
Tafla 43.	Ánægja/óánægja með þætti þjónustunnar - Þekkingu ráðgjafa	107

YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR

Bakgrunnur svarenda

- Konur voru meirihluti svarenda, eða 54-58% eftir því hvort um var að ræða þjónustunotendur STARFs eða Vinnumálastofnunar. Svarendur voru á breiðu aldursbili, en þjónustunotendur STARFs voru alla jafna ívið eldri, eða að jafnaði um 42 ára, en meðalaldur þjónustunotenda Vinnumálastofnunar var 40 ár. Langflestir svarendur svöruðu listanum á íslensku, en um 5-6% völdu að svara listanum á pólsku. Hlutfallslega fleiri þjónustunotendur Vinnumálastofnunar (8%) en STARFs (2%) svöruðu listanum á ensku.
- Hlutfallslega fleiri notendur þjónustu STARFs (25%) en Vinnumálastofnunar (13%) bjuggu á landsbyggðinni. Menntun svarenda var fjölbreytt, en hlutfall háskólamenntaðra var heldur hærra meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar. Hlutfall þeirra sem höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi var aftur á móti heldur hærra meðal þjónustunotenda STARFs. Þá var dreifing svarenda eftir hjúskaparstöðu áþekkt meðal þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar, en ríflega helmingur svarenda (55-57%) var í sambúð eða hjónabandi, en um þriðjungur einhleypur.

Notkun á þjónustu STARFs og Vinnumálastofnunar

- Við gagnaöflun kom fljótlega í ljós að sumir svarendur könnuðust ekki við að hafa fengið þjónustu frá tiltekinni stofnun. Þetta átti nær eingöngu við um þjónustunotendur STARFs, en um fjórðungur þjónustunotenda STARFs kannaðist ekki við að hafa fengið þjónustu frá STARFi og töldu flestir þeirra að þeir hefðu notið þjónustu Vinnumálastofnunar. Hlutfallslega fleiri í hópi þeirra þjónustunotenda STARFs sem svöruðu listanum á pólsku töldu sig hafa fengið þjónustu Vinnumálastofnunar en ekki STARFs og einnig voru þeir notendur STARFs sem bjuggu á Reykjanesi eða Austurlandi líklegri til að telja sig hafa notið þjónustu Vinnumálastofnunar.
- Svipað stór hópur þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar *voru enn að fá þjónustu þegar könnunin fór fram*, eða 16-17%. Konur voru heldur líklegri en karlar til að njóta enn þjónustu Vinnumálastofnunar og pólsku- og enskumælandi þjónustunotendur Vinnumálastofnunar voru líklegri til að njóta enn þjónustu stofnunarinnar (29-39%) en þeir sem svöruðu listanum á íslensku (14%). Meðal þjónustunotenda STARFs voru hlutfallslega fleiri á Austurlandi enn að fá þjónustu þegar könnunin fór fram en meðal þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu eða á Reykjanesi.

- Í hópi þeirra sem voru *hættir að fá þjónustu* sögðust 79% þjónustunotenda Vinnumálastofnunar og 71% notenda STARFs hafa hætt að nota þjónustuna sökum þess að þeir voru ráðnir í starf. Innan við einn af hverjum 10 þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar fór í nám (7-10%) og svipað hlutfall (11%) hætti að fá þjónustu vegna þess að rétturinn til atvinnuleysisbóta var fullnýttur. Pólskumælandi svarendur voru líklegri en íslensku- eða enskumælandi notendur til þess að hafa hætt að fá þjónustu sökum þess að þeir fengu vinnu (93-96% samanborið við 70-82%). Hlutfallslega fleiri í hópi þeirra sem höfðu eingöngu grunnskólapróf meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar höfðu hætt að fá þjónustu af því að bótaréttur þeirra var fullnýttur en í hópi þeirra sem höfðu meiri menntun.

Staða á vinnumarkaði – fyrr og nú

- Um þrír af hverjum fjórum (72-76%) höfðu verið *í launuðu starfi áður en þeir voru skráðir atvinnulausir*, um og innan við tíundi hver var sjálfstætt starfandi og 14-15% voru námsmenn. Þá hafði um einn af hverjum tíu verið í fæðingarorlofi. Heldur fleiri þjónustunotendur Vinnumálastofnunar en STARFs voru sjálfstætt starfandi fram að skráningu atvinnuleysis. Niðurstöður eftir bakgrunnspáttum voru að mestu svipaðar fyrir þjónustunotendur STARFs og Vinnumálastofnunar. Til að mynda voru þeir sem svöruðu listanum á erlendu tungumáli mun líklegri en þeir sem töluðu íslensku til að hafa verið í launuðu starfi í aðdraganda atvinnuleysis, eða 80-100% ensku- og pólskumælandi samanborið við 70-74% íslenskumælandi svarenda. Háskólamenntaðir voru síður líklegir til að hafa verið í launuðu starfi í aðdraganda atvinnuleysissskráningar en líklegri, ásamt fólki með bóklegt nám á framhaldsskólastigi, til að hafa verið í námi.
- Meðal þeirra sem höfðu verið í starfi í aðdraganda atvinnuleysis var munur á starfasamsetningu þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar. Hlutfallslega fleiri stjórnendur og skrifstofufólk voru í hópi þjónustunotenda STARFs, en sérfræðingar voru hins vegar mun fleiri í hópi þjónustunotenda Vinnumálastofnunar.
- Að jafnaði höfðu þjónustunotendur STARFs verið *atvinnulausir í um 12 mánuði en þjónustunotendur Vinnumálastofnunar í um 11 mánuði*, en ekki var tölfræðilega marktækur munur á þessum meðaltölum. Miðgildið er hins vegar 7 mánuðir meðal þjónustunotenda STARFs og 6 mánuðir meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar. Þessi mikli munur á meðaltali og miðgildi felur í sér að tiltölulega fámennur hópur hefur verið mjög lengi atvinnulaus en þeir hafa veruleg áhrif meðaltalsmælitöluna. Hlutfallslega fleiri í hópi þjónustunotenda Vinnumálastofnunar en STARFs voru einungis atvinnulausir í stuttan tíma, það er þrjá mánuði eða skemur.

- Yngri hóparnir voru líklegri til að hafa verið atvinnulausir í tiltölulega stuttan tíma en þeir eldri líklegri til að búa við atvinnuleysi í lengri tíma. Þá voru pólskumælandi þjónustunotendur Vinnumálastofnunar líklegri til að hafa verið atvinnulausir lengur en tvö ár, eða 25% þeirra samanborið við 9-10% íslensku- eða enskumælandi þjónustunotenda. Einnig voru háskólamenntaðir notendur Vinnumálastofnunar ólíklegri en hinir menntahóparnir til að hafa verið atvinnulausir í lengri tíma og þeir sem höfðu ekki lokið formlegu námi að loknum grunnskóla voru líklegri til að tilheyra hópi þeirra sem höfðu verið atvinnulausir í meira en 2 ár.
- *Meirihluti svarenda var í fullu starfi* (59-65%) þegar könnunin fór fram og ríflega einn af hverjum 10 í hlutastarfi (12-13%). Svipaður fjöldi sækir skóla (8-10%). Þjónustunotendur Vinnumálastofnunar eru frekar í fullu starfi en þjónustunotendur STARFs (65% samaborið við 59%), en þjónustunotendur STARFs eru aftur á móti frekar í atvinnuleit, eða 12% samanborið við 7% þjónustunotenda Vinnumálastofnunar.
- Mun líklegra var að pólskumælandi þjónustunotendur beggja stofnana væru í fullu starfi þegar könnunin fór fram, eða á bilinu 87-96% samanborið við 57-69% íslensku- eða enskumælandi notenda. Meðal þjónustunotenda STARFs eru hlutfallslega mun fleiri af Reykjanesi í fullu starfi en af höfuðborgarsvæðinu eða Austurlandi og hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu eru sjálfstætt starfandi og í atvinnuleit en á Reykjanesi og Austurlandi. Meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar voru þeir sem höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi eða háskólanámi líklegri til að vera í fullu starfi og háskólamenntaðir líklegri til að vera sjálfstætt starfandi en aðrir. Meðal þjónustunotenda beggja stofnana voru þeir sem höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi líklegastir til að vera í námi.
- Þátttakendur í könnuninni voru spurðir *hvernig framfærslu þeirra væri háttáð*, en svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði. Um fjórir af hverjum fimm fengu laun. Ekki var alla jafna munur á því hvernig framfærslu þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar var háttáð að því undanskildu að hærra hlutfall þjónustunotenda STARFs (7%) en Vinnumálastofnunar (1%) fékk enn greiddar atvinnuleysisbætur. Hlutfallslega fleiri karlar en konur í hópi þjónustunotenda STARFs fá ellilífeyri, en konur í þessum hópi lifa aftur á móti frekar en karlar á tekjum maka, á fæðingarorlofsgreiðslum eða atvinnuleysisbótum. Í hópi þjónustunotenda Vinnumála-stofnunar eru karlar frekar með launatekjur til framfærslu en konur, en konur aftur á móti frekar með námslán, tekjur maka eða fæðingarorlofsgreiðslur til framfærslu.
- Meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar höfðu háskólamenntaðir í meira mæli en aðrir framfærslu af eigin launatekjum (89%), en þeir sem höfðu ekki lokið formlegu námi umfram grunnskóla voru hvað síst líklegir til að hafa launatekjur til eigin framfærslu (72%). Meðal þjónustunotenda STARFs voru hlutfallslega fleiri í hópi þeirra sem höfðu ekki lokið formlegu

námi umfram grunnskóla eða höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi að fá fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi (5-6% samanborið við 1-3%).

Þjónusta og úrræði sem eru/voru nýtt og afstaða til þeirra

- Þátttakendur voru beðnir að gefa upp *hvaða þjónustu og úrræði þeir hefðu nýtt sér* hjá STARFi og Vinnumálastofnun og voru beðnir að svara til um hvert og eitt þeirra úrræða. Mun fleiri þjónustunotendur Vinnumálastofnunar (32%) en STARFs (27%) töldu sig ekki hafa nýtt sér nein tilgreind úrræði. Flestir þeirra sem höfðu nýtt sér eitthvert úrræðanna höfðu nýtt sér styttri námskeið (38-41%) eða fundi eða fyrirlestra (37-39%). Nokkur hópur hafði sótt lengri námskeið eða nám (14-15%) en mun færri höfðu nýtt sér önnur úrræði, svo sem nám á námssamningi og verið í starfsþjálfun.
- Mismunandi var eftir þjónustustofnun hvaða hópar *nýttu sér tiltekna þjónustu í meira mæli* en aðrir. Til að mynda voru heldur fleiri konur en karlar í hópi þjónustunotenda STARFs sem höfðu nýtt sér fundi eða fyrirlestra (42% samanborið við 35%) eða verið í námi á námssamningi (9% samanborið við 4%), en ekki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem nýttu sér mismunandi þjónustuúrræði Vinnumálastofnunar. Eldri hóparnir nýttu sér í meira mæli styttri námskeið en yngri hóparnir hjá báðum þjónustustofnunum og það sama gilti um lengri námskeið meðal þjónustunotenda STARFs.
- Pólsku- og enskumælandi þjónustunotendur STARFs og Vinnumálastofnunar sóttu í meira mæli en íslenskumælandi styttri námskeið (50-70% samanborið við 34-39%), en íslensku- og enskumælandi þjónustunotendur sóttu aftur á móti frekar en þeir pólskumælandi fyrirlestra eða fundi (32-49% samanborið við 0-2%) og lengri námskeið (15-22% samanborið við 0%). Meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar voru þeir sem ekki höfðu lokið formlegu námi umfram grunnskóla líklegri til að hafa verið í starfsþjálfun (9% samanborið við 1-5% hinna menntunarhópanna) og höfðu sömuleiðis í meira mæli sótt fundi eða fyrirlestra (47% samanborið við 31-37%).
- Þátttakendur voru spurðir um *afstöðu til þeirra úrræða sem þeir höfðu nýtt sér*. Mikill meirihluti þjónustunotenda var frekar eða mjög áægður með þá þjónustu sem þeir nýttu sér. Á bilinu 84-92% þeirra sem höfðu setið lengri námskeið eða verið í námi á námssamningi voru frekar eða mjög ánægðir með úrræðin og um fjórir af hverjum fimm (79-82%) voru ánægðir með styttri námskeið sem þeir sóttu. Þeir sem nýttu sér fundi eða einstaka fyrirlestra voru hvað síst ánægðir með það fyrirkomulag (70-77% ánægðir). Marktækur munur var á afstöðu þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar sem höfðu verið í starfsþjálfun, en mun fleiri

notendur starfsþjálfunar hjá STARFi voru ánægðir með úrræðið (93%) en þeir sem höfðu verið í starfsþjálfun hjá Vinnumálastofnun (71%).

- Um og yfir helmingur *notenda styttri námskeiða* var mjög ánægður með námskeiðin. Hlutfallslega fleiri notendur styttri námskeiða hjá STARFi en Vinnumálastofnun voru þó mjög ánægðir, eða 55% notenda hjá STARFi og 47% hjá Vinnumálastofnun. Á bilinu 9-10% voru frekar eða mjög óánægðir með námskeiðin. Hlutfallslega fleiri konur en karlar voru mjög ánægðar með þau námskeið sem sótt voru hjá STARFi, eða 61% kvenna samanborið við 47% karla, en ekki var munur á afstöðu karla og kvenna sem höfðu sótt styttri námskeið hjá Vinnumálastofnun.
- Flestir, eða 69-72% þeirra svarenda sem höfðu *sótt lengri námskeið eða nám* hjá Vinnumálastofnun og STARFi voru mjög ánægðir með úrræðið og 14-20% frekar ánægðir. Einungis 3-6% voru óánægðir með lengri námskeið eða nám sem þeir sóttu. Ekki var munur á afstöðu svarenda til þessara úrræða eftir þjónustustofnun.
- Flestir þeirra sem höfðu verið í *námi á námssamningi*, eða 72-79% voru mjög ánægðir og 13% voru frekar ánægðir, en 7-8% voru óánægðir með úrræðið. Ekki var munur á afstöðu svarenda til þessara úrræða eftir þjónustustofnun.
- Langflestir notendur *starfsþjálfunar* hjá STARFi voru frekar eða mjög ánægðir með hana, eða 93% svarenda. Mun færri, eða 71% notenda þessa úrræðis hjá Vinnumálastofnun voru ánægðir. Um einn af hverjum fimm sem var í starfsþjálfun hjá Vinnumálastofnun var óánægður með úrræðið.
- Hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu *sótt fundi eða fyrirlestra* hjá STARFi (47%) en Vinnumálastofnun (39%) voru mjög ánægðir með úrræðið. Um einn af hverjum tíu var óánægður með úrræðið hjá báðum þjónustustofnunum.
- Svarendur voru spurðir hvort þeir teldu að *framboð úrræða* væri of mikið, hæfilegt eða of lítið hjá tiltekinni þjónustustofnun. Fleiri þjónustunotendur Vinnumálastofnunar töldu framboðið vera of lítið, eða 36% samanborið við 29% þjónustunotenda STARFs. Hlutfallslega fleiri karlar (34%) en konur (25%) töldu framboð úrræða hjá STARFi vera of lítið. Einnig töldu eldri hóparnir, þeir sem voru þrítugir eða eldri, í meira mæli (25-35%) en yngsti hópurinn, undir þrítugu (18%), framboð úrræða vera of lítið og pólsku- og enskumælandi þjónustunotendur (42-64%) fremur en þeir sem svöruðu listanum á íslensku (27%). Þeir sem voru komnir yfir fimmtugt töldu í meira mæli (44-54%) en yngri hóparnir (29-35%) að framboð úrræða hjá Vinnumálastofnun væri af of skornum skammti.

- Meirihluti notenda var *ánægður með þá þjónustu* sem þeir höfðu fengið. Á bilinu 66-75% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna en 11-16% voru óánægðir. Notendur þjónustu STARFs voru ánægðari en notendur Vinnumálastofnunar, en 40% svarenda úr hópi þjónustunotenda STARFs voru mjög ánægðir samanborið við 26% notenda Vinnumálastofnunar.

Afstaða til mismunandi þjónustupátta

- Þjónustunotendur STARFs og Vinnumálastofnunar voru einnig spurðir *hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með mismunandi þætti í þjónustunni*. Um þrír af hverjum fjórum eða fleiri voru ánægðir með hvern þjónustupáttanna sem spurt var um. Hvað flestir voru þó ánægðir með viðmót ráðgjafa og staðsetningu þjónustunnar, eða á bilinu 85-91% svarenda, en einnig var svipað hlutfall þjónustunotenda STARFs ánægt með viðmót afgreiðslufólks (86%) og þekkingu ráðgjafanna (85%).
- Hlutfallslega fleiri notendur STARFs en Vinnumálastofnunar voru ánægðir með biðtíma eftir að ná sambandi við ráðgjafa, viðmóti afgreiðslufólks og ráðgjafa, sem og þekkingu ráðgjafa. Þeir sem höfðu notið þjónustu Vinnumálastofnunar voru á hinn bóginn líklegri til að vera ánægðir með vefsíðu Vinnumálastofnunar og „Mínar síður“ á vef Vinnumálastofnunar.
- Almennt séð var ekki var munur á afstöðu þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar til *staðsetningar þjónustunnar*, en hlutfallslega færri þjónustunotendur STARFs á Austurlandi (68%) en á hinum svæðunum (85-90%) voru ánægðir með staðsetningu þjónustunnar. Einnig voru pólskumælandi notendur þjónustu Vinnumálastofnunar frekar en aðrir ánægðir með staðsetningu þjónustunnar (97% samanborið við 84-89%).
- Hlutfallslega mun fleiri notenda STARFs (48%) en Vinnumálastofnunar (33%) voru mjög ánægðir með *biðtíma eftir að ná sambandi við ráðgjafa*.
- Þjónustunotendur Vinnumálastofnunar voru heldur líklegri til að vera ánægðir með *vefsíðu stofnunarinnar* (79%) en notendur STARFs (71%) og einnig voru þjónustunotendur Vinnumálastofnunar heldur líklegri til að vera ánægðir með *Mínar síður á vef stofnunarinnar* (81%) en notendur STARFs (75%). Pólskumælandi þjónustunotendur Vinnumálastofnunar voru í meira mæli en íslensku- og enskumælandi ánægðir með *Mínar síður stofnunarinnar*.
- Um þrír af hverjum fjórum þjónustunotendum STARFs voru ánægðir með *vefsíðu STARFs* og um þriðjungur þeirra mjög ánægður. Hlutfallslega fleiri karlar (76%) en konur (70%) voru ánægðir með vefsíðuna. Þá voru allir pólskumælandi svarendur (100%) ánægðir með vefsíðuna en 84% enskumælandi svarenda og 71% íslenskumælandi. Þjónustunotendur á

Reykjanesi voru mun líklegri (85%) til að vera ánægðir með vefsíðu STARFs en þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu (71%) eða á Austurlandi (64%).

- Þjónustunotendur STARFs voru líklegri (54%) en þjónustunotendur Vinnumálastofnunar (42%) til að vera mjög ánægðir með *viðmót afgangslufólks*, en 12% notenda Vinnumálastofnunar og 6% notenda STARFs voru óánægðir með viðmót afgangslufólks. Notendur STARFs sem ekki höfðu lokið formlegu námi umfram grunnskóla voru síður ánægðir með viðmót afgangslufólks (78%) heldur en aðrir (88-91%). Þá voru karlar og eldri notendur þjónustu Vinnumálastofnunar í meira mæli ánægðir með viðmót afgangslufólks.
- Niðurstöður um afstöðu til *viðmóts ráðgjafa* voru áþekkar niðurstöðum um afstöðu til viðmóts afgangslufólks, en afstaða til ráðgjafa STARFs og Vinnumálastofnunar var þó ívið jákvæðari en afstaðan til afgangslufólks. Þjónustunotendur STARFs voru líklegri (60%) en þjónustunotendur Vinnumálastofnunar (50%) til að vera mjög ánægðir með viðmót ráðgjafa, en 4-6% notenda var óánægðir með viðmót ráðgjafa. Notendur STARFs sem höfðu ekki lokið formlegu námi umfram grunnskóla voru síður mjög ánægðir með viðmót ráðgjafanna (53%) heldur en aðrir (61-69%). Þá voru karlar í hópi þjónustunotenda Vinnumálastofnunar líklegri (89%) en konur (83%) til að vera ánægðir með viðmót ráðgjafa, þótt konur væru líklegri en karlar til að vera mjög ánægðar með viðmót ráðgjafanna (54% kvenna samanborið við 46% karla).
- Afstaða svarenda til *upplýsingagjafar í afgangslu* var jákvæðari meðal notenda þjónustu STARFs en Vinnumálastofnunar. Þjónustunotendur STARFs voru líklegri (48%) en þjónustunotendur Vinnumálastofnunar (39%) til að vera mjög ánægðir með upplýsingagjöf í afgangslu, en 8-11% notenda STARFs og Vinnumálastofnunar voru óánægðir með viðmót ráðgjafa.
- Afstaða svarenda til *þekkingar ráðgjafa* var sömuleiðis jákvæðari meðal notenda þjónustu STARFs en Vinnumálastofnunar. Þjónustunotendur STARFs voru líklegri (51%) en þjónustunotendur Vinnumálastofnunar (43%) til að vera mjög ánægðir með þekkingu ráðgjafa. Á bilinu 6-8% notenda STARFs og Vinnumálastofnunar voru óánægðir með þekkingu ráðgjafa.

INNGANGUR

Þann 29. apríl 2015 gerðu Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og velferðarráðuneytið með sér verksamning þess efnis að Félagsvísindastofnun tæki að sér að meta tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur hjá STARFi vinnumiðlun. Markmið tilraunaverkefnisins var að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum til að auka líkur á að atvinnuleitendur fái störf að nýju. Í samkomulagi velferðarráðuneytissins, Vinnumálastofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands frá 10. febrúar 2012 um tilraunaverkefnið kemur fram að verkefnið byggji á svohljóðandi yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga.

„Stjórnvöld eru reiðubúin til þess að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Sem hluta af þeirri vinnu verður ráðist í sérstakt tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur innan ramma gildandi laga í því skyni að stuðla m.a. að virkari vinnumarkaðsaðgerðum og vinnumiðlun, sem að umfangi nái til allt að fjórðungs atvinnuleitenda. Velferðarráðuneytið í samráðu við aðila vinnumarkaðarins og Vinnumálastofnun skipuleggi verkefnið með hliðsjón af framkomnum hugmyndum aðila vinnumarkaðarins á almennum vinnumarkaði um faglega stýringu miðlægs aðila á þeirra vegum en að stéttarfélag verði í verkefninu helstu veitendur þjónustunnar. Framvinda tilraunaverkefnisins verður metin reglubundið og reynslan af því nýtt við endurskoðun laganna.“

Þá kemur fram í samkomulaginu að áhersla sé lögð á að um viðbót við núverandi þjónustu á sviði vinnumiðlunar og ráðgjafar sé að ræða, einkum þar sem þörf fyrir aukna þjónustu sé mest. Í samkomulaginu er tiltekið að velferðarráðuneytið muni með reglubundnum hætti fylgjast með framkvæmd verkefnisins og meta árangur þess og að lokamat á verkefninu fari fram í maí 2015.

Til þess að meta tilraunaverkefnið lagði Félagsvísindastofnun fyrir könnun í hópi þeirra sem höfðu fengið þjónustu hjá STARFi annars vegar og hjá Vinnumálastofnun hins vegar frá hausti 2012, þegar tilraunaverkefnið hóf göngu sína og til sumarsins 2015. Verkið fól í sér að kanna viðhorf atvinnuleitenda til þjónustu sem þeir hafa fengið hjá STARFi og Vinnumálastofnun og að kanna afdrif þeirra sem hafa verið tímabundið eða endanlega afskráðir hjá STARFi og Vinnumálastofnun frá hausti 2012 til dagsins í dag. Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum matsins.

AÐFERÐ

Starfsfólk á Vinnumálastofnun sá um að taka úrtak úr skráð stöfnunarinnar, en þær hafa að geyma upplýsingar um þjónustunotendur Vinnumálastofnunar og STARFs. Tekið var 2.800 manna lagskipt slembiúrtak úr hópi þeirra sem notað hafa þjónustu STARFs eða Vinnumálastofnunar frá hausti 2012. Úrtakið var valið eftir þjónustusvæðum STARFs og lagskipt með eftirfarandi hætti: 1.600 manna úrtak var valið af höfuðborgarsvæðinu, þar af 800 manns sem notað hafa þjónustu Vinnumálastofnunar og 800 sem notað hafa þjónustu STARFs; 800 manns af Suðurnesjum (400 úr hópi hvorrar þjónustustofnunar) og 400 manns af Austurlandi (200 úr hópi hvorrar þjónustustofnunar). Listi með upplýsingum um þátttakendur var afhentur Félagsvísindastofnun. Könnunin var tilkynnt til Persónuverndar (sjá tilkynningu nr. S7351 á personuvernd.is).

Spurningalisti um viðhorf til þjónustu Vinnumálastofnunar og STARFs við atvinnuleitendur og aðdrif þjónustunotenda var saminn af starfsfólki Félagsvísindastofnunar í samstarfi við fulltrúa frá velferðarráðuneyti og Vinnumálastofnun. Listinn var þýddur á ensku og pólsku og þátttakendum bauðst því að svara listanum á íslensku, ensku eða pólsku.

Tafla 1 gefur yfirlit yfir framkvæmd könnunarinnar og svarhlutfall. Könnunin var lögð fyrir í síma á tímabilinu 17. maí til 3. júlí. Spyrjar Félagsvísindastofnunar hringdu í þátttakendur og óskuð eftir þátttöku þeirra og lögðu spurningarnar fyrir þá sem samþykktu að taka þátt. Svarendur voru alls 1.692 og svarhlutfall er 60%.

Tafla 1. Framkvæmd könnunar og svarhlutfall

Upplýsingasöfnun	17. maí – 3. Júlí 2015
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í úrtaki	2.800
Fjöldi svarenda	1.692
Svarhlutfall	60,4%

Eins og sjá má í töflu 2 var svarhlutfall nokkuð mismunandi eftir þjónustustofnun og búsetusvæði. Svarhlutfall var til að mynda hvað hæst, eða 71% meðal þjónustunotenda STARFs á Austurlandi en hvað lægst meðal þjónustunotenda STARFs á Reykjanesi, eða 52%. Svarhlutfall var í öllum sex hópum yfir 50%.

Tafla 2. Svarhlutfall eftir þjónustustofnun og búsetusvæði

	STARFi			Vinnumálastofnun		
	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall
Höfuðborgarsvæði	800	516	65%	800	455	57%
Reykjanes	400	206	52%	400	265	66%
Austurland	200	142	71%	200	108	54%
Alls	1400	864	62%	1400	828	59%

Úrvinnsla

Svör í könnuninni voru greind með þeim tölfræðiaðferðum sem eru viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í myndritum og töflum. Myndrit sýna niðurstöður í heild eftir því hvort þjónusta var fengin hjá STARFi eða Vinnumálastofnun og töflur sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum þjónustustofnun, kyni, aldri, tungumáli sem spurningalista er svarað á, búsetusvæði, menntun, hjúskaparstöðu og fjölda barna yngri en 18 ára á heimili. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Skammstöfunin Óg. merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Í einhverjum slíkum tilvikum var valmöguleikum spurningarinnar slegið saman og marktækt aftur reiknuð eins og útskýrt er í neðanmálgrein viðkomandi töflu. Þegar marktækt kom fram eftir þessa fækkun flokka, var hún birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (--).

Í töflu 3 má sjá hlutfall svarenda af þýði eftir þjónustustofnun og búsetusvæði. Eins og sjá má er hlutfall svarenda af þýði mun lægra meðal þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu heldur en á hinum tveimur búsetusvæðunum, enda var úrtakið lagskipt með þeim hætti að hlutfallslega fleiri þjónustunotendur sem voru búsettir á Reykjanesi og Austurlandi voru valdir í úrtakið. Til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði voru gögnin því vegin eftir hlutfallslegum fjölda þjónustunotenda á mismunandi svæðum fyrir hvora þjónustustofnun fyrir sig. Í töflum yfir

niðurstöður eru því birt hlutföll sem byggja á vigtuðum niðurstöðum, auk þess sem vigtaðar og óvigtaðar fjöldataölur eru birtar.

Tafla 3. Hlutfall svarenda af þýði eftir þjónustustofnun og svæðum

	STARF			Vinnumálastofnun		
	Fjöldi í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda af þýði	Fjöldi í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda af þýði
Höfuðborgarsvæði	4490	516	11%	12347	455	4%
Reykjanes	1035	206	20%	1587	265	17%
Austurland	462	142	31%	213	108	51%
Alls	5987	864	14%	14147	828	6%

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Í þessum kafla má sjá samsetningu svarenda spurningakönnunarinnar eftir nokkrum bakgrunns- og lýðfræðilegum þáttum.

Eins og sjá má í töflu 4 voru konur meirihluti svarenda, eða 54-58% eftir því hvort um var að ræða þjónustunotendur STARFs eða Vinnumálastofnunar.

Tafla 4. Kyn svarenda

	STARF			Vinnumálastofnun		
	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun
Karlar	43%	360	368	46%	389	354
Konur	58%	486	496	54%	457	474
Fjöldi svara	100%	846	864	100%	846	828

Tafla 5 sýnir dreifingu svarenda eftir aldurshópum. Eins og sjá má voru svarendur á breiðu aldursbili, bæði meðal þeirra sem höfðu notið þjónustu STARFs og þeirra sem höfðu sótt þjónustu hjá Vinnumálastofnun. Þá má sjá að marktækur munur var á aldurssamsetningu þjónustuhópanna tveggja. Þjónustunotendur STARFs voru alla jafna ívið eldri en þjónustunotendur Vinnumálastofnunar, en þjónustunotendur STARFs voru að jafnaði um 42 ára en þjónustunotendur Vinnumálastofnunar um 40 ára ($t(1690)=2,258, p=0,024$). Eins og sjá má í töflu 5 voru 33% svarenda sem höfðu fengið þjónustu hjá STARFi 50 ára og eldri samanborið við 27% notenda Vinnumálastofnunar.

Tafla 5. Aldur svarenda

***	STARF			Vinnumálastofnun		
	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun
19-29 ára	22%	183	205	26%	222	214
30-39 ára	29%	245	240	30%	249	232
40-49 ára	17%	141	138	18%	153	143
50-59 ára	22%	184	183	13%	105	122
60 ára og eldri	11%	94	98	14%	116	117
Fjöldi svara	100%	847	864	100%	845	828

Langflestir svarenda töluðu íslensku og svöruðu listanum á íslensku, en þó mun fleiri meðal þjónustunotenda STARFs en Vinnumálastofnunar (sjá töflu 6). Um 5-6% völdu að svara listanum á pólsku. Hlutfallslega mun fleiri þjónustunotenda Vinnumálastofnunar en STARFs völdu að svara listanum á ensku.

Tafla 6. Tungumál sem svarendur völdu að svara könnuninni á

Spurninglista svarað á:***	STARF			Vinnumálastofnun		
	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun
Íslensku	92%	780	782	86%	725	732
Pólsku	5%	46	61	6%	50	44
Ensku	2%	20	21	8%	71	52
Fjöldi svara	100%	846	864	100%	846	828

Eins og sjá má í töflu 7 voru hlutfallslega fleiri notendur þjónustu STARFs af landsbyggðinni en meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar, eða 25% þjónustunotenda STARFs samanborið við 13% þjónustunotenda Vinnumálastofnunar.

Tafla 7. Búsetusvæði svarenda

***	STARF			Vinnumálastofnun		
	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun
Höfuðborgarsvæði	75%	634	516	87%	738	455
Reykjanes	17%	146	206	11%	95	265
Austurland	8%	65	142	2%	13	108
Fjöldi svara	100%	845	864	100%	846	828

Tafla 8 sýnir dreifingu svarenda eftir menntun. Eins og sjá má var menntun svarenda í báðum hópum mjög fjölbreytt. Einnig má sjá að hlutfall háskólamenntaðra er heldur hærra meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar, en hlutfall þeirra sem höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi var heldur hærra meðal þjónustunotenda STARFs.

Tafla 8. Menntun svarenda

	STARF			Vinnumálastofnun		
	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun
Grunnskólanám	26%	224	255	25%	209	230
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	20%	172	175	21%	173	166
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	22%	183	189	18%	148	156
Háskólanám	28%	238	214	34%	284	245
Fjöldi svara	96%	817	833	96%	814	797
Svarar ekki	2%	19	19	2%	16	14
Var ekki atvinnulaus	1%	10	12	2%	17	17
Alls	100%	846	864	100%	847	828

Dreifing svarenda eftir hjúskaparstöðu var áþekk meðal þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar (sjá töflu 9). Eins og sjá má var ríflega helmingur svarenda (55-57%) í sambúð eða hjónabandi, en um þriðjungur einhleypur.

Tafla 9. Hjúskaparstaða svarenda

	STARF			Vinnumálastofnun		
	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun
Einhley pu(ur) – hef aldrei verið í hjónabandi	32%	273	277	33%	283	254
Í sambúð	24%	199	203	23%	197	198
Í hjónabandi/staðfestri samvist	33%	281	289	32%	270	284
Skilin(n) eða ekill/ekkja	8%	66	67	7%	62	60
Fjöldi svara	97%	819	836	96%	812	796
Svarar ekki	2%	16	16	2%	17	15
Var ekki atvinnulaus	1%	10	12	2%	17	17
Alls	100%	845	864	100%	846	828

Tæplega helmingur svarenda í hópi þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar áttu börn 17 ára eða yngri sem voru búsett að staðaldri á heimili þeirra (sjá töflu 10).

Tafla 10. Fjöldi barna 17 ára og yngri búsett að staðaldri á heimili svarenda


	STARF			Vinnumálastofnun		
	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Hlutfall	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun
Ekkert	50%	422	433	50%	425	417
1-2 börn	41%	345	346	39%	325	309
Þrjú eða fleiri börn	7%	58	61	8%	64	73
Fjöldi svara	97%	825	840	96%	814	799
Svarar ekki	1%	12	12	2%	14	12
Var ekki atvinnulaus	1%	10	12	2%	17	17
Alls	100%	847	864	100%	845	828

NIÐURSTÖÐUR

Í niðurstöðukaflanum er fjallað um niðurstöður spurningakönnunarinnar. Í töflum og myndum gefur að líta niðurstöður fyrir hvorn notendahóp um sig, notendur þjónustu STARFs annars vegar og notendur þjónustu Vinnumálastofnunar hins vegar. Niðurstöðum þar sem greint er eftir bakgrunni er skipt í tvær töflur þar sem þær eru annars vegar greindar eftir kyni, aldri, tungumáli og búsetu og hins vegar eftir menntun, hjúskaparstöðu og barnafjölda á heimili.

Notkun á þjónustu STARFs og Vinnumálastofnunar

Þar sem upplýsingar lágu fyrir hjá Vinnumálastofnun um hvar þátttakendur höfðu fengið þjónustu voru þeir spurðir út í þjónustu viðeignandi stofnunar. Við gagnaöflun kom fljótlega í ljós að sumir svarendur könnuðust ekki við að hafa fengið þjónustu frá tiltekinni stofnun. Þetta átti nær eingöngu við um þjónustunotendur STARFs. Eins og sjá má á mynd 1 gerði nær enginn (2%) þjónustunotenda Vinnumálastofnunar athugasemdir við skráningu um að hafa notið þjónustu Vinnumálastofnunar, en um fjórðungur þjónustunotenda STARFs kannaðist ekki við að hafa fengið þjónustu frá STARFi og töldu þar flestir að þeir hefðu notið þjónustu Vinnumálastofnunar.



Mynd 1. Skráning þjónustustofnunar samanborið við svör þátttakenda um þjónustu

Þá má sjá í töflu 11 að hlutfallslega fleiri í hópi þeirra sem svöruðu listanum á pólsku töldu sig hafa fengið þjónustu Vinnumálastofnunar en ekki STARFs og einnig voru þeir notendur STARFs sem

Þjuggu á Reykjanesi eða Austurlandi líklegri til að telja sig hafa notið þjónustu Vinnumálastofnunar. Hér ber þó að hafa í huga að marktektarpróf er ógilt vegna þess hversu fáir tilheyra tilteknum hópum. Þau 1-2% svarenda sem sögðust ekki hafa verið atvinnulaus voru ekki spurð frekari spurninga könnunarinnar. Í bakgrunnsgreiningu á spurningum könnunarinnar eftir þjónustustofnun er skráning Vinnumálastofnunar lögð til grundvallar en ekki svör þátttakenda.

Tafla 11. Skráning þjónustustofnunar samanborið við svör þátttakenda um þjónustu

	Fékk þjónustu hjá Starfi skv.				Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Svaraði ekki í samræmi við skráningu
	Svaraði til um þjónustustofnun í samræmi við skráningu	skrýningu en taldi sig hafa fengið þjónustu hjá VMST	Var ekki atvinnulaus að eigin sögn	Vissi ekki hvar þjónusta var fengin			
STARF	73%	24%	1%	2%	846	864	27%
Kyn							
Karl	73%	24%	1%	2%	360	368	27%
Kona	73%	23%	1%	3%	486	496	27%
Aldur^{ög}							
19-29 ára	73%	26%	1%	1%	183	205	27%
30-39 ára	74%	23%	1%	3%	245	240	26%
40-49 ára	76%	21%	0%	3%	141	138	24%
50-59 ára	70%	23%	3%	4%	184	183	30%
60 ára og eldri	71%	25%	3%	2%	94	98	29%
Tungumál^{ög}							
Íslenska	74%	22%	1%	3%	780	782	26%
Pólska	39%	61%	0%	0%	46	61	61%
Enska	88%	12%	0%	0%	20	21	12%
Búseta^{ög}							
Höfuðborgarsvæði	77%	21%	1%	2%	634	516	23%
Reykjanes	64%	30%	1%	4%	146	206	36%
Austurland	56%	38%	3%	4%	65	142	44%
Vinnumálastofnun	98%	0%	2%	0.2%	844	827	2%
Kyn							
Karl	97%	0%	3%	0%	387	353	3%
Kona	98%	0%	1%	0.4%	457	474	2%
Aldur^{ög}							
19-29 ára	98%	0%	2%	0%	222	214	2%
30-39 ára	98%	0%	1%	0.7%	248	231	2%
40-49 ára	99%	0%	1%	0%	153	143	1%
50-59 ára	98%	0%	2%	0%	105	122	2%
60 ára og eldri	95%	0%	5%	0.1%	116	117	5%
Tungumál^{ög}							
Íslenska	98%	0%	2%	0%	723	731	2%
Pólska	100%	0%	0%	0%	50	44	0%
Enska	98%	0%	0%	2.3%	71	52	2%
Búseta^{ög}							
Höfuðborgarsvæði	98%	0%	2%	0.2%	737	454	2%
Reykjanes	98%	0%	2%	0%	95	265	2%
Austurland	96%	0%	3%	0.9%	13	108	4%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$.

Óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 11. Frh. Skráning þjónustustofnunar samanborið við svör þátttakenda um þjónustu

	Svaraði til um þjónustustofnun í samræmi við skráningu	Fékk þjónustu hjá Starfi skv. taldi sig hafa fengið þjónustu hjá VMST	Var ekki atvinnulaus að eigin sögn	Vissi ekki hvar þjónusta var fengin	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Svaraði ekki í samræmi við skráningu
STARF	73%	24%	1%	2%	846	864	27%
Menntun ^{6g}							
Grunnskólanám	76%	22%	0%	2%	224	255	24%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	72%	25%	0%	2%	172	175	28%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	71%	27%	0%	2%	183	189	29%
Háskólanám	75%	21%	0%	4%	238	214	25%
Hjúskaparstaða ^{6g}							
Einhley p(ur)	76%	22%	0%	2%	273	277	24%
Í sambúð	78%	20%	0%	2%	199	203	22%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	70%	27%	0%	3%	281	289	30%
Skilin(n) eða ekill/ekkjja	70%	29%	0%	1%	66	67	30%
Börn (undir 18 ára aldri) á heimili ^{6g}							
Ekkert	73%	25%	0%	2%	422	433	27%
1-2 börn	75%	23%	0%	3%	345	346	25%
Þrjú eða fleiri börn	75%	22%	0%	3%	58	61	25%
Vinnumálastofnun	98%	0%	2%	0.2%	844	827	2%
Menntun							
Grunnskólanám	100%	0%	0%	0.1%	209	230	0%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	100%	0%	0%	0%	171	165	0%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	100%	0%	0%	0%	148	156	0%
Háskólanám	100%	0%	0%	0%	284	245	0%
Hjúskaparstaða							
Einhley p(ur)	100%	0%	0%	0.04%	283	254	0%
Í sambúð	100%	0%	0%	0%	195	197	0%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	100%	0%	0%	0%	270	284	0%
Skilin(n) eða ekill/ekkjja	100%	0%	0%	0%	62	60	0%
Börn (undir 18 ára aldri) á heimili							
Ekkert	100%	0%	0%	0.03%	425	417	0%
1-2 börn	100%	0%	0%	0%	324	308	0%
Þrjú eða fleiri börn	100%	0%	0%	0%	64	73	0%


Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$.

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Svipað stór hópur þjónustunotenda STARFs og Vinnumálastofnunar voru enn að fá þjónustu þegar könnunin fór fram, eða 16-17% (sjá mynd 2). Eins og sjá má í töflu 12 var ekki munur á bakgrunnshópum meðal þjónustunotenda STARFs að þessu leyti, utan þess að þjónustunotendur á Austurlandi voru líklegri til að njóta enn þjónustu STARFs en þjónustunotendur á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.

Á hinn bóginn var nokkur munur eftir bakgrunni á hlutfalli þeirra sem enn nutu þjónustu Vinnumálastofnunar. Konur voru heldur líklegri en karlar til að njóta enn þjónustu Vinnumálastofnunar og þeir sem voru milli þrítugs og fertugs síður en aðrir aldurshópar. Þá voru pólsku- og enskumælandi þjónustunotendur Vinnumálastofnunar líklegri til að njóta enn þjónustu stofnunarinnar (29-39%) en þeir sem svöruðu listanum á íslensku (14%).



Mynd 2. *Færð þú þjónustu nú frá STARFi/Vinnumálastofnun eða fékkst þú áður þjónustu frá þeim?*

Tafla 12. Færð þú þjónustu nú frá STARFi/Vinumálastofnun eða fékkst þú áður þjónustu frá þeim?

	Fæ þjónustu nú	Fékk þjónustu áður en ekki lengur	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Fæ þjónustu nú
STARF	16%	84%	815	828	16%
Kyn					
Karl	14%	86%	348	354	14%
Kona	17%	83%	467	474	17%
Aldur					
19-29 ára	19%	81%	181	201	19%
30-39 ára	14%	86%	237	231	14%
40-49 ára	13%	87%	137	133	13%
50-59 ára	15%	85%	171	169	15%
60 ára og eldri	22%	78%	90	94	22%
Tungumál					
Íslenska	16%	84%	749	746	16%
Pólska	21%	79%	46	61	21%
Enska	21%	79%	20	21	21%
Búseta*					
Höfuðborgarsvæði	15%	85%	616	501	15%
Reykjanes	18%	82%	138	194	18%
Austurland	27%	73%	61	133	27%
Vinumálastofnun	17%	83%	826	808	17%
Kyn**					
Karl	13%	87%	376	344	13%
Kona	21%	79%	450	464	21%
Aldur*					
19-29 ára	21%	79%	217	210	21%
30-39 ára	11%	89%	244	226	11%
40-49 ára	19%	81%	151	142	19%
50-59 ára	20%	80%	104	120	20%
60 ára og eldri	20%	80%	110	110	20%
Tungumál***					
Íslenska	14%	86%	706	713	14%
Pólska	39%	61%	50	44	39%
Enska	29%	71%	69	51	29%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	18%	82%	721	444	18%
Reykjanes	12%	88%	93	260	12%
Austurland	17%	83%	12	104	17%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$.

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 12. Frh. Færð þú þjónustu nú frá STARFi/Vinumálastofnun eða fékkst þú áður þjónustu frá þeim?


	Fæ þjónustu nú	Fékk þjónustu áður en ekki lengur	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Fæ þjónustu nú
STARF	16%	84%	815	828	16%
Menntun					
Grunnskólanám	15%	85%	220	250	15%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	15%	85%	167	169	15%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	20%	80%	179	185	20%
Háskólanám	14%	86%	229	205	14%
Hjúskaparstaða					
Einhleyp(ur)	15%	85%	266	270	15%
Í sambúð	16%	84%	195	198	16%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	17%	83%	272	278	17%
Skilin(n) eða ekkill/ekkjja	17%	83%	65	66	17%
Börn (undir 18 ára aldri) á heimili					
Ekkert	18%	82%	413	422	18%
1-2 börn	15%	85%	335	336	15%
Þrjú eða fleiri börn	10%	90%	56	58	10%
Vinumálastofnun	17%	83%	826	808	17%
Menntun					
Grunnskólanám	18%	82%	209	229	18%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	16%	84%	171	165	16%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	20%	80%	148	156	20%
Háskólanám	15%	85%	284	245	15%
Hjúskaparstaða					
Einhleyp(ur)	18%	82%	283	253	18%
Í sambúð	13%	87%	195	197	13%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	17%	83%	270	284	17%
Skilin(n) eða ekkill/ekkjja	23%	77%	62	60	23%
Börn (undir 18 ára aldri) á heimili					
Ekkert	18%	82%	425	416	18%
1-2 börn	16%	84%	324	308	16%
Þrjú eða fleiri börn	13%	87%	64	73	13%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$.

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Mun fleiri þeirra sem voru hættir að fá þjónustu í hópi þjónustunotenda Vinnumálastofnunar en STARFs sögðu það vera vegna þess að þeir hefðu fengið atvinnu, eða 79% svarenda meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar samanborið við 71% svarenda á vegum STARFs. Hér skal hafa í huga að svarendur gátu nefnt fleiri en eina ástæðu þess að þeir hættu að fá þjónustu. Þá má sjá að um og innan við einn af hverjum 10 fór í nám (7-10%) og svipað hlutfall (11%) hætti að fá þjónustu vegna þess að rétturinn til atvinnuleysisbóta var fullnýttur. Mun fleiri notendur STARFs en Vinnumálastofnunar nefndu aðra ástæðu fyrir því að hafa hætt að njóta þjónustu stofnunarinnar, sem einkum felst í því að 7% notenda STARFs sögðu ástæðuna vera þá að þjónustan var lögð af. Einungis lítill hópur, eða 1-2%, nefndu aðrar ástæður þess að þeir hættu að fá þjónustu, s.s. það að hafa farið í veikindaleyfi, fengið örorkumat, hafa farið á ellilífeyri, í fæðingarorlof eða í endurhæfingu (sjá töflu 14).



Mynd 3. Hver er ástæða þess að þú hættir að fá þjónustu?

Eins og tafla 13 sýnir voru ástæður þess að notendur hættu að fá þjónustu hjá STARFi eða Vinnumálastofnun um margt svipaðar eftir bakgrunni. Þannig voru þjónustunotendur í elsta hópnum (60 ára og eldri) ólíklegastir til að hafa hætt að njóta þjónustunnar vegna þess að þeir hefðu fengið vinnu og hlutfallslega fleiri í yngstu hópnum fóru í nám (8-16%) en í þeim eldri (0-5%). Hlutfallslega fleiri í elstu hópnum (50 ára og eldri) höfðu hætt að fá þjónustu vegna þess að bótaréttur þeirra var fullnýttur (15-27% samanborið við 2-13%). Athygli vekur að pólskumælandi svarendur hættu að fá þjónustu í mun meira mæli en íslensku- eða enskumælandi notendur sökum þess að þeir voru ráðnir í vinnu (93-96% samanborið við 70-82%).

Þá má sjá í töflu 13 að hlutfallslega fleiri með bóklega menntun á framhaldsskólastigi hættu að fá þjónustu vegna þess að þeir fóru í nám (13-20%) og hlutfallslega fleiri í hópi þeirra sem höfðu eingöngu grunnskólapróf meðal þjónustunotenda Vinnumálastofnunar höfðu hætt að fá þjónustu af því að bótaréttur þeirra var fullnýttur (18%) en í hinum hópum menntunar.

Tafla 13. Hver er ástæða þess að þú hættir að fá þjónustu?

	Fékk atvinnu	Fór í nám	Bótaréttur minn var fullnýttur	Önnur ástæða	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Fékk atvinnu
STARF	71%	7%	11%	14%	674	674	71%
Kyn							
Karl	73%	5%	11%	14%	293	292	73%
Kona	71%	9%	12%	14%	381	382	71%
Aldur	***	***	***				
19-29 ára	75%	15%	6%	12%	145	163	75%
30-39 ára	69%	8%	13%	15%	202	194	69%
40-49 ára	84%	5%	2%	11%	118	110	84%
50-59 ára	70%	3%	17%	15%	141	138	70%
60 ára og eldri	54%	0%	22%	23%	68	69	54%
Tungumál	**	ög	ög	*			
Íslenska	70%	8%	11%	15%	622	612	70%
Pólska	93%	0%	9%	1%	36	47	93%
Enska	81%	0%	24%	9%	16	15	81%
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	69%	7%	12%	16%	518	421	69%
Reykjanes	79%	7%	10%	11%	114	160	79%
Austurland	76%	11%	6%	13%	43	93	76%
Vinnumálastofnun	79%	10%	11%	9%	678	677	79%
Kyn							
Karl	80%	10%	11%	9%	323	301	80%
Kona	79%	9%	12%	10%	355	376	79%
Aldur	***	***	***	*			
19-29 ára	78%	16%	8%	9%	170	176	78%
30-39 ára	82%	12%	10%	9%	216	198	82%
40-49 ára	91%	8%	4%	7%	123	118	91%
50-59 ára	80%	2%	15%	7%	80	97	80%
60 ára og eldri	60%	0%	27%	18%	89	88	60%
Tungumál	*	ög					
Íslenska	78%	10%	12%	10%	599	610	78%
Pólska	96%	0%	8%	1%	30	31	96%
